Þriðjudaginn 7. júní 2022 kom nýkjörin sveitarstjórn sameiginlegs sveitarfélags Blönduós og Húnavatnshrepps sam til fyrsta fundar. Fundurinn var haldinn í Félagsheimilinu Dalsmynni kl. 17.00

Jón Gíslason, setti fundinn skv. 12. gr. sveitarstjórnarlaga 138/2011, sem aldursforseti nýrrar sveitarstjórnar og lagði fram dagskrá:

**Mætt voru:**
Guðmundur Haukur Jakobsson, Ragnhildur Haraldsdóttir, Zophonías Ari Lárusson, Birgir Þór Haraldsson, Auðunn Steinn Sigurðsson, Erla Gunnarsdóttir, Grímur Rúnar Lárusson, Jón Gíslason og Edda Brynleifsdóttir.

Starfsmenn sem mættir voru: Valdimar O. Hermannsson, Einar Kristján Jónsson og Atli Einarsson, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. **Kjör forseta og varaforseta, skv. 7. gr. samþykkta um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins:**
    a. *Kjör forseta sveitarstjórnar.*
    b. *Kjör varaforseta sveitarstjórnar.*

2. **Málefnasamningur á milli B og D lista um meirihlutasamstarf í sveitarstjórn:**
    a. *Málefnasamningur á milli B og D lista um meirihlutasamstarf í sveitarstjórn lagður fram til kynningar í sveitarstjórn.*

3. **Kosning byggðarráðs, skv. 27. gr. samþykkta um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins:**
    a. *Kosning í þriggja aðalmanna í byggðaráð til 1 árs skv. 27. gr. samþykkta.*
    b. *Kosning í þriggja varamanna í byggðaráð til 1 árs skv. 27. gr. samþykkta.*
    c. *Kosning formanns og varaformanns, byggðaráðs úr hópi kjörinna byggðarráðsmanna.*

4. **Val á nafni á nýtt sveitarfélag, skv. 5. gr. sveitarstjórnarlaga 138/2011:**

5. **Byggðamerki:**
    a. *Ákvörðun um byggðamerki:*

6. **Breytingar á samþykktum um stjórn og fundarsköp sameinaðs sveitarfélags Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps:**
    a. *Breytingar á heiti sveitarfélagsins skv. 5. gr. sveitarstjórnarlaga 138/2011.*
    b. *Breytingar á 47. gr. samþykkta um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins.*
        i. Landbúnaðar- og umhverfisnefnd verði skipt upp í tvær nefndir, Landbúnaðarnefnd og Umhverfisnefnd.
        ii. Kjörstjórn verði þriggja manna en ekki undirkjörstjórnir.

EG. RH J.Ge GRL ABS. AE BÞH GHJ

**7. Kjör í fastanefndir sveitarfélagsins:**

a. *Fræðslunefnd, fimm aðalmenn og jafn margir til vara.*
b. *Íþrótta-, tómstunda- og lýðheilsunefnd, fimm aðalmenn og jafn margir til vara.*
c. *Atvinnu- og menningarnefnd, fimm aðalmenn og jafn margir til vara.*
d. *Skipulags- og byggingarnefnd, fimm aðalmenn og jafn margir til vara.*
e. *Landbúnaðarnefnd, fimm aðalmenn og jafn margir til vara. (með fyrirvara um breytingu á samþykktum)*
f. *Umhverfisnefnd, fimm aðalmenn og jafn margir til vara. (með fyrirvara um breytingu á samþykktum)*
g. *Kjörstjórn, þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. (með fyrirvara um breytingu á samþykktum)*
h. *Fjallskilastjórnir, Landbúnaðarnefnd skal leggja fram á næsta fundi sveitarstjórnar tillögur að fulltrúum í fjallskilastjórnir sveitarfélagsins.*
i. *Fulltrúar á SSNV þing, fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.*
j. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga, tveir aðalmenn og tveir til vara.*
k. *Frestað að skipa í önnur ráð og stjórnir og í sameiginlegar nefndir, stjórnir og byggðasamlög.*

**8. Starfsmannamál**

a. *Ráðning skólastjórnenda*
b. *Ráðningamál sveitarstjóra.*
c. *Önnur starfsmannamál*

**9. Önnur atriði sem sveitarstjórn þarf að ákveða:**

a. *Kjör fulltrúa í verkefnaráðs vegna Holtavörðulínu 3.*
b. *Gerð heimasíðu.*
c. *Val á viðskiptabanka.*
d. *Val á bókhaldskerfi*
e. *Val á símanúmerum.*

**10. Önnur mál:**

a. *Stjórnunar- og verndunaráætlun 2022-2031 og aðgerðaráætlun vegna Hrúteyjar.*

Gengið var til dagskrár.

1. **Kjör forseta og varaforseta sveitarstjórnar, skv. 7. gr. samþykkta um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins:**
    a. *Jón Gíslason stjórnaði kosningu um forseta sveitarstjórnar.*
        i. *Guðmundur Haukur Jakobsson, hlaut 8 atkvæði og einn seðill var auður.*
            1. *Guðmundur Haukur Jakobsson er því rétt kjörinn forseti sveitarstjórnar til loka kjörtímabilsins 2022-2026.*
                a. *Guðmundur Haukur Jakobsson, tók við stjórn fundarins.*
    b. *Kosning fór fram um varaforseta sveitarstjórnar.*
        i. *Guðmundur Haukur Jakobsson, forseti sveitarstjórnar lagði fram tillögu um að Grímur Rúnar Lárusson yrði varaforseti sveitarstjórnar.*
            1. *Grímur Rúnar Lárusson, hlaut 8 atkvæði og 1 sat hjá (JG)*
                a. *Grímur Rúnar Lárusson er því réttkjörinn varaforseti sveitarstjórnar til loka kjörtímabilsins 2022-2026.*

2. **Málefnasamningur á milli B og D lista um meirihlutasamstarf í sveitarstjórn:**
    a. *Málefnasamningur á milli B og D lista um meirihlutasamstarf í sveitarstjórn lagður fram til kynningar í sveitarstjórn.*
        i. *Guðmundur Haukur Jakobsson, forseti sveitarstjórnar, kynnti málefnasamning um meirihlutasamstarf í sveitarstjórn.*
            1. *Málefnasamningurinn verður birtur á heimasíðum sveitarfélagsins.*

3. **Kosning byggðarráðs, skv. 27. gr. samþykkta um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins:**
    a. *Forseti sveitarstjórnar lagði fram tillögu um Auðun Stein Sigurðsson, Ragnhildi Haraldsdóttur og Zophonías Ara Lárusson sem aðalmenn í byggðaráð til 1 árs skv. 27. gr. samþykkta.*
        i. *Var tillagan samþykkt með 8 atkvæðum en 1 sat hjá (JG).*
    b. *Forseti lagði fram tillögu um Guðmund Hauk Jakobsson, Elínu Aradóttur og Birgi Þór Haraldsson sem varamenn í byggðaráð til 1 árs skv. 27. gr. samþykkta.*
        i. *Var tillagan samþykkt með 8 atkvæðum en 1 sat hjá (JG).*
    c. *Kosning formanns og varaformanns byggðaráðs úr hópi kjörinna byggðarráðsmanna.*
        i. *Forseti lagði fram tillögu um Auðun Stein Sigurðsson sem formann byggðaráðs og Ragnhildi Haraldsdóttur sem varaformann byggðaráðs.*
            1. *Var tillagan samþykkt með 8 atkvæðum en 1 sat hjá (JG).*
    d. *Forseti lagði fram tillögu um að Jón Gíslason og Edda Brynleifsdóttir verði áheyrnarfulltrúar í byggðaráði til 1 árs skv. 27. gr. samþykkta.*
        i. *Var tillagan samþykkt samhljóða.*

RH JG. GRL EG. AB. BÞH AE GHJ

4. **Val á nafni á nýtt sveitarfélag, skv. 5. gr. sveitarstjórnarlaga 138/2011:**
    a. *Forseti gerði grein fyrir málinu.*
        i. Samhliða sveitarstjórnarkosningum þann 14. maí sl. fór fram skoðanakönnun um nýtt nafn á sameinað sveitarfélag. Kosið var á milli nafnanna Blöndubyggð, Húnabyggð og Húnavatnsbyggð.
            1. *Alls tóku 669 kjósendur þátt í könnunni. Húnabyggð hlaut 443 atkvæði, um 66%, Blöndubyggð 144 atkvæði, um 21,5%, Húnavatnsbyggð 53 atkvæði, um 8%, auðir og ógildir voru 29 atkvæði, um 4%.*
                a. Forseti lagði til að nýtt nafn sveitarfélagsins yrði Húnabyggð. Tillagan samþykkt samhljóða.

5. **Byggðamerki:**
    a. *Forseti lagði til að undirbúin yrði opinber samkeppni um nýtt byggðamerki fyrir sveitarfélagið.*
        i. Sveitarstjórn samþykkti samhljóða að auglýsa opinberlega eftir tillögum um nýtt byggðamerki fyrir sveitarfélagið.

6. **Breytingar á samþykktum um stjórn og fundarsköp sameinaðs sveitarfélags Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps:**
    a. *Forseti lagði fram breytingu á heiti sveitarfélagsins í samþykktum um nýtt sveitarfélag, skv. 5. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Heiti sveitarfélagsins verði Húnabyggð samanber samþykkt sveitarstjórnar í 4 lið hér að undan.*
        i. Tillagan samþykkt samhljóða.
    b. *Forseti lagði fram breytingu á 47. gr. samþykkta um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins. Að Landbúnaðar- og umhverfisnefnd verði skipt upp í tvær nefndir, Landbúnaðarnefnd og Umhverfisnefnd.*
        i. Tillagan samþykkt samhljóða.
    c. *Forseti lagði fram breytingu á 47. gr. samþykkta um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins. Kjörstjórn verði skipuð þremur mönnum en ekki verði starfandi undirkjörstjórnir í sveitarfélaginu.*
        i. Tillagan samþykkt samhljóða.

7. **Kjör í fastanefndir sveitarfélagsins:**
    a. *Forseti lagði til að kosning í nefndir og stjórnir færi fram skv. 43. gr. sveitarstjórnarlaga, hlutfallskosning og að B og D listi legðu fram einn lista og G og H listar legðu fram einn lista til kjörs í nefndir og stjórnir væri því hlutfall í kosningum 7 fulltrúar B og D lista á móti 2 fulltrúum G og H lista. Var samþykkt að hlutfallskosning færi fram.*
        i. Fræðslunefnd, fimm aðalmenn og jafn margir til vara.
            1. *Eftirfarandi hlutu samhljóða kosningu í Fræðslunefnd til fjögurra ára.*
                a. Aðalmenn frá meirihluta: Elín Aradóttir, Magnús Sigurjónsson, Ásdís Ýr Arnardóttir, Atli Einarsson, aðalmaður frá minnihluta: Renate Janine Kemnitz

b. Varamenn frá meirihluta: Finna Birna Finnsdóttir, Erla Gunnarsdóttir, Ragnhildur Haraldsdóttir, Birgir Þór Haraldsson, varamaður frá minnihluta Guðný Ósk Jónasdóttir.

ii. Íþrótta-, tómstunda- og lýðheilsunefnd, fimm aðalmenn og jafn margir til vara.

1. *Eftirfarandi hlutu samhljóða kosningu í Íþrótta-, tómstunda- og lýðheilsunefnd til fjögurra ára.*

a. Aðalmenn frá meirihluta: Grímur Rúnar Lárusson, Agnar Logi Eiríksson, Arnrún Bára Finnsdóttir, Steinunn Hulda Magnúsdóttir, aðalmaður frá minnihluta: Kamila Czyzynska

b. Varamenn frá meirihluta: Elín Ósk Gísladóttir, Auðunn Steinn Sigurðsson, Lara Margrét Jónsdóttir, Ólafur Sigfús Benediktsson, varamaður frá minnihluta Jenný Lind Gunnarsdóttir.

iii. Atvinnu- og menningarnefnd, fimm aðalmenn og jafn margir til vara.

1. *Eftirfarandi hlutu samhljóða kosningu í Atvinnu- og menningarnefnd til fjögurra ára.*

a. Aðalmenn frá meirihluta: Ragnhildur Haraldsdóttir, Kristófer Kristjánsson, Erla Gunnarsdóttir, Magnús Valur Ómarsson, aðalmaður frá minnihluta: Davíð Kr. Guðmundsson.

b. Varamenn frá meirihluta: Þóra Sverrisdóttir, Freyja Ólafsdóttir, Katharina Schneider, Jón Örn Stefánsson, varamaður frá minnihluta Maríanna Þorgrímsdóttir.

iv. Skipulags- og byggingarnefnd, fimm aðalmenn og jafn margir til vara.

1. *Eftirfarandi hlutu samhljóða kosningu í Skipulags- og byggingarnefnd til fjögurra ára.*

a. Aðalmenn frá meirihluta: Zophonías Ari Lárusson, Birgir Þór Haraldsson, Höskuldur Birkir Erlingsson, Þórdís Erla Björnsdóttir, aðalmaður frá minnihluta: Edda Brynleifsdóttir.

b. Varamenn frá meirihluta: Arnrún Bára Finnsdóttir, Sævar Björgvinsson, Agnar Logi Einarsson, Grímur Rúnar Lárusson, varamaður frá minnihluta Sverrir Þór Sverrisson.

v. Landbúnaðarnefnd, fimm aðalmenn og jafn margir til vara (með fyrirvara um breytingu á samþykktum).

1. *Eftirfarandi hlutu samhljóða kosningu í Landbúnaðarnefnd til fjögurra ára.*

a. Aðalmenn frá meirihluta: Jón Árni Magnússon, Þuríður Hermannsdóttir, Halldór Skagfjörð Jónsson, Sara Björk Þorsteinsdóttir, aðalmaður frá minnihluta: Jón Gíslason.

RH GRL AE EG

b. Varamenn frá meirihluta: Birgir Þór Haraldsson, Anna Margrét Jónsdóttir, Sigþrúður Friðriksdóttir, Brynjólfur Friðriksson, varamaður frá minnihluta Þorsteinn Jóhannsson.

vi. Umhverfisnefnd, fimm aðalmenn og jafn margir til vara (með fyrirvara um breytingu á samþykktum).

1. *Eftirfarandi hlutu samhljóða kosningu í Umhverfisnefnd til fjögurra ára.*
   a. Aðalmenn frá meirihluta: Elín Ósk Gísladóttir, Ingvar Björnsson, Höskuldur Sveinn Björnsson, Anna Margrét Jónsdóttir, aðalmaður frá minnihluta: Berglind Hlín Baldursdóttir.
   b. Varamenn frá meirihluta: Valur Valsson, Erna Björg Jónmundsdóttir, Freyja Ólafsdóttir, Sindri Páll Bjarnason, varamaður frá minnihluta Guðmundur Arnar Sigurjónsson.

vii. Kjörstjórn, þrír aðalmenn og jafnmargir til vara (með fyrirvara um breytingu á samþykktum).

1. *Eftirfarandi hlutu samhljóða kosningu í kjörstjórn til fjögurra ára.*
   a. Lee Ann Maginnis, Steingrímur Ingvarsson og Katrín Benediktsdóttir.
   b. Varamenn: Ægir Sigurgeirsson, Ragnhildur Ragnarsdóttir og Þórður Pálsson.

viii. Fjallskilastjórnir.

1. *Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela Landbúnaðarnefnd að leggja fram á næsta fundi sveitarstjórnar tillögur að fulltrúum í fjallskilastjórnir sveitarfélagsins.*

ix. Fulltrúar á SSNV þing, fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.

1. *Eftirfarandi hlutu samhljóða kosningu sem fulltrúar sveitarfélagsins á þing Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) til fjögurra ára.*
   a. Aðalmenn frá meirihluta: Guðmundur Haukur Jakobsson, Ragnhildur Haraldsdóttir, Auðunn Steinn Sigurðsson, Elín Aradóttir, aðalmaður frá minnihluta: Jón Gíslason.
   b. Varamenn frá meirihluta: Zophonías Ari Lárusson, Birgir Þór Haraldsson, Grímur Rúnar Lárusson, Erla Gunnarsdóttir, varamaður frá minnihluta Edda Brynleifsdóttir.

x. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga, tveir aðalmenn og tveir til vara.

1. *Eftirfarandi hlutu samhljóða kosningu sem fulltrúar sveitarfélagsins á Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga til fjögurra ára.*

- *a.* Aðalmenn: Guðmundur Haukur Jakobsson og Auðunn Steinn Sigurðsson.
- *b.* Varamenn: Ragnhildur Haraldsdóttir og Elín Aradóttir.

*b.* *Frestað að skipa í önnur ráð og stjórnir og í sameiginlegar nefndir, stjórnir og byggðasamlög.*

**8. Starfsmannamál:**

- *a.* *Ráðning skólastjórnenda*
  - i. Umræður urðu um ráðningu skólastjórnenda.
    - 1. Ráðningu skólastjórnenda vísað til Fræðslunefndar til umfjöllunar. Óskað er eftir að nefndin leggi fram hugmyndir að ráðningu skólastjórnenda á næsta fundi sveitarstjórnar.
- *b.* *Ráðningamál sveitarstjóra.*
  - i. Umræður urðu um ráðningu sveitarstjóra í Húnabyggð.
    - 1. Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa stöðu sveitarstjóra.
- *c.* *Önnur starfsmannamál*
  - i. Umræður urðu um önnur starfsmannamál og skipurit sveitarfélagsins.

**9. Önnur atriði sem sveitarstjórn þarf að ákveða:**

- *a.* *Kjör fulltrúa í verkefnaráð vegna Holtavörðulínu 3.*
  - i. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að skipa Ragnhildi Haraldsdóttur og Jón Gíslason í verkefnaráð vegna Holtavörðulínu 3.
- *b.* *Gerð heimasíðu.*
  - i. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela Stefnu á Akureyri að útbúa nýja heimasíðu fyrir sveitarfélagið á grunni þeirra heimasíðna sem Blönduósbær og Húnavatnshreppur hafa rekið.
- *c.* *Val á viðskiptabanka.*
  - i. Frestað til næsta fundar. Sveitarstjórum falið að leita tilboða um bankaviðskipti.
- *d.* *Val á bókhaldskerfi.*
  - i. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að semja við Wise um bókhaldskerfi fyrir nýtt sveitarfélag.
- *e.* *Val á símanúmerum.*
  - i. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að ný símanúmer sveitarfélagsins muni byrja á 455-0500.

**10. Önnur mál:**

- *a.* *Stjórnunar- og verndunaráætlun 2022-2031 og aðgerðaráætlun vegna Hrúteyjar.*
  - i. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða, fyrir sitt leiti, framlagða Stjórnunar- og verndunaráætlun 2022-2031 og aðgerðaráætlun vegna Hrúteyjar.

b. *Lagt fram að nýju bréf frá eigendum Hótel Laxár, dagsett, 29. mars 2022 og bréf frá Hótel Húna, dagsett, 23. maí 2022, vegna óska um viðræður um fyrirhugðuð kaup á eignum sveitarfélagsins á Húnavöllum.*
   i. Erindum þessum var vísað til afgreiðslu nýrrar sveitarstjórnar frá sveitarstjórn Húnavatnshrepps.
      1. Samþykkt var samhljóða að skipa Guðmund Hauk Jakobsson, Auðun Stein Sigurðsson, Ragnhildi Haraldsdóttur, Elínu Aradóttur og Jón Gíslason í viðræðuhóp við ofangreinda aðila.

c. *Umsagnarbeiðni vegna tækifærisleyfis.*
   i. Erindi frá Sýslumanninum á Norðurlandi vestra vegna landsmóts bifhjólamanna í Húnaveri 30. júní til 3. júlí nk.
      1. Sveitarstjórn samþykkir erindið samhljóða fyrir sitt leiti.

Fleira ekki gert,
Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fundi slitið kl. 19:15

Guðmundur H Jakobsson
Guðmundur Haukur Jakobsson

Ragnhildur Haralds
Ragnhildur Haraldsdóttir

Zophonías Ari Lárusson

Birgir Þór Haraldsson
Birgir Þór Haraldsson

Auðunn Steinn Sigurðsson

ERLA GUNNARSD.
~~Elín Aradóttir~~

Grímur Rúnar Lárusson,

Jón Gíslason

Edda Brynleifsdóttir.

Valdimar O. Hermannsson

Einar Kristján Jónsson

Atli Einarsson